

Ár 2021, föstudaginn 17. desember er í áfrýjunardómstóli HSÍ í málinu nr. 3/2021:

Stjarnan, handknattleiksdeild

gegn

handknattleiksdeild Ungmennafélagsins Selfoss

og

Handknattleikssambandi Íslands

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r:

Málið dæma Benedikt Bogason, Gunnar Jónsson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Áfrýjað er dómi dómstóls HSÍ, uppkveðnum 7. desember sl. Ályktarorð hans var þannig:

*Aðalkröfu kæranda, Handknattleiksdeildar Umf. Selfoss, um að úrslit leiks Stjörnunnar U og Selfoss í Grill66 deild kvenna, sem fram fór 28. nóvember 2021, verði leiðrétt og þau ákveðin 29-29, er hafnað.*

*Leikur Stjörnunnar U og Selfoss í Grill66 deild kvenna, sem fram fór 28. nóvember 2021, skal leikinn aftur.*

*Kostnaður af endurtekningu leiksins skal borinn af kærða, Stjörnunni, handknattleiksdeild.*

Áfrýjandi skilaði áfrýjunargreinargerð til HSÍ þann 9. desember sl., innan tilskilins frests. Í áfrýjun er gerð krafa um að dómi dómstóls HSÍ verði hnekk og „...raunveruleg úrslit leiksins standi 30-29 í samræmi við þann fjölda marka sem dómara dæmdu lögleg og staðfestu við undirritun skýrslu ...“

Til vara gerir áfrýjandi þá kröfu „...að lokastaða miðað við skráningu á stigatöflu 29-29 verði dæmd sem lokaúrslit leiksins.“

Stefndi, handknattleiksdeild Umf. Selfoss skilaði greinargerð til dómstólsins 17. desember 2021. Fallið er frá aðalkröfu fyrir dómstóli HSÍ en þess krafist að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Málsatvikum og málsástæðum aðila er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Við framkvæmd leiksins urðu þau mistök að það láðist að færa mark sem Stjarnan U skoraði. Skor á leiktöflu stóð því rangt í 20 síðustu mínútur leiksins eða svo og var staðan jöfn, skv. leikklokku, þegar leik lauk. Ætla verður að skor sem sýnt er á leikklokku geti haft veruleg áhrif á leik liða þegar þannig háttar til og sé því ríkur þáttur í framkvæmd leiksins. Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur.

D ó m s o r ð:


Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.



Benedikt Bogason



Gunnar Jónsson



Jóhannes Albert Sævarsson